

## 5. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 25. febrúar 2010 kl. 8:15.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði:

### 1. Skóladagatal 2010-2011 til umfjöllunar.

Innan Lækjarskóla hefur verið samþykkt sú breyting á skóladagatali að vetrarfrí verði ekki einungis að hausti heldur einnig á vorönn eða 28. febrúar og 1. mars.

Útskrift færist til 7. júní.

Rætt var um vetrarfrí á vorönn sem opnað var á af fræðsluráði og lagt hafði verið fyrir í skólanum og samþykkt þar.

Einnig var rætt um erindi frá Flensborgarskóla um samræmingu á vetrarfríum milli framhaldsskólans og grunnskólanna.

Fram kom að ekki eru allir skólar í Hafnarfirði með tvö vetrarfrí.

Fulltrúar foreldra og nemenda eru fylgjandi því að hafa vetrarfrí á vorönn, jafnvel frekar en á haustönn ef ekki verður um tvö vetrarfrí að ræða.

Opin umræða var um vetrarfrí þar sem fram kom meðal annars að hugsanlega ætti að skoða vel hvort hafa ætti vetrarfrí í heila viku í framtíðinni.

Foreldradagur í október ræddur og hvort hann hefði mátt vera seinna á unglingsstigi. Skólastjóri var með á því að gott væri að skoða þetta, en gat þess jafnframt að mismunur væri á þörfum á milli yngri og eldri stiga og varla hægt að færa daginn lengra aftur á starfsárið vegna yngri bekkja. Hann sagði að farinn hafi verið millivegur við gerð þessa skóladagatals. Hann sagði að einnig væri í skoðun hvort unglingsstigi hafi þennan foreldradag dreifðan á eina viku að loknum skóladegi næsta skólaár í staðinn fyrir að taka einn heilan dag.

Fram kom að starfsárið getur ekki byrjað fyrr en 15. ágúst og á að vera lokið 10. júní samkvæmt kjarasamningi milli FG og LN.

Ákveðið var að hafa frí 20. desember.

Þemadagar verða þrír og öskudagur einn af þeim.

24. ágúst verður breytilegur dagur í 1. bekk.

Skóladagatal Lækjarskóla fyrir árið 2010-2011 afgreitt og samþykkt af skólaráði með öllum greiddum atkvæðum.

### 2. Starfsáætlun og símenntunaráætlun 2010-2011 til umfjöllunar.

Viðhorfskannanir og mælingar voru gerðar í sérdeildum.

Starfsáætlun fjölgreinadeildar er uppfærð.

Starfsáætlun Lækjarskóla er uppfærð og verður í sífelldri endurskoðun.

Símenntunaráætlun fór fyrir matsnefnd. Lækjarskóli fékk 28 stig af 30 mögulegum og úthlutun upp á kr. 310.000.-

Lækjarskóli er að sækja um styrk hjá Endurmenntunarsjóði sambands íslenskra sveitarfélaga vegna samvinnunáms, opins hugbúnaðar og tölvulæsis starfsmanna.

Skólastjóri fór yfir símenntunaráætlun 2010 og starfsáætlun 2010  
Engar athugasemdir voru gerðar við framantaldar áætlanir.

### **3. Frá foreldrum.**

Foreldrafélagið er að skipuleggja vorhátíð með Vitanum.

Foreldrar telja að Vitinn, foreldrafélagið, nemendaráð og skólinn eigi sameiginlega að ákveða dagsetningu fyrir vorhátíð.

Dagana 12.-17. maí fer kórinn í kórferðalag til Svíþjóðar og fjölgreinanámið í ferð til Danmerkur í lok maí.

Foreldrafélagið hefur hug á að skipuleggja fyrirlestur um aðkallandi efni fyrir skólastarfið.

### **4. Önnur mál.**

Tillaga kom fram um að kanna hug foreldra, nemenda og starfsmanna til vetrarfrís og foreldradags á haustönn í viðhorfskönnun næsta vor.

Fundi slitið kl. 9:17

### **Fundinn sátu:**

Haraldur Haraldsson, skólastjóri.

Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra.

Elma Karen Sigþórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags.

Þórarinn B. Þórarinsson, fulltrúi kennara.

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Pála Ögn Stefánsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda.

Þóra Björg Garðarsdóttir, nemendaráði, fulltrúi nemanda.

Birna Stefánsdóttir, nemendaráði, fulltrúi nemanda.

Katrín Ósk Ásgeirsdóttir, nemendaráði, fulltrúi nemanda.

Geir Bjarnason, varafulltrúi grenndarsamfélags mætti  
í forföllum Hafrúnar Dóru Júlíusdóttur.

Hrönn Arnarsdóttir var forfölluð.

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir